

um, sem um er rætt í síðast nefndu bréfi á þann hátt, að dóms-  
málastjórnin hlutist til um, að kostnaðurinn, hér um bil 14 rd. 1863.  
16. marzm.  
24 sk. á mánuði fyrir hvern mann, verði aptur endurgoldinn  
sjóliðsstjórninni.

Að síðustu skal við bætt, að stiptamtmaninum og amt-  
mönnum á Íslandi hefir í dag verið boðið að veita Albeck,  
kapitainlieutenant, alla þá aðstoð, sem þeir geta í tæ látið,  
meðan hann er við Ísland.

## 26. Opið bréf, um spítalahlutina á Vestmannaeyjum. 24. marzm.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir kon-  
ung álitsskjal alþingis þess, er haldið var árið 1861, um spítala-  
hlutina í Vestmannaeyjum í suðurumdæminu á Íslandi, og  
hefir hans hátign þóknast 13. dag þ. m. allramildilegast að  
ákvarða, að spítalahlutirnir á eyjum þessum, bæði af fugli og  
fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð  
þann, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústmánaðar  
1848 til umbóta á læknaSKIPUNinni á Íslandi, en að hinsvegar  
skuli frá sama tíma fyrst um sinn 30 rd. á ári greiddir úr sjóði  
þessum til launa handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 24. dag marzmánaðar 1863.

Árið 1857 kom frá alþingi uppástunga um, að ákvörðun  
sú í konungsbréfi 20. d. febrúarm. 1750, að Vestmannaey-  
ingar megi einir njóta spítalahluta þeirra, er þar falla af fiski  
og fugli, handa fátækum þar á eyjunum, sè úr lögum tekin,  
en hlutir þessir gjaldist í hinn almenna læknaSJÓÐ, er stofnaður  
er með konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848. Um uppástungu  
þessa var leitað álits hlutadeigandi embættismanna á Íslandi og  
álit þeirra síðan kunngjört alþingi 1861, samkvæmt konungs-  
úrskurði 1. d. júním. s. á., og skorað á þingið að segja álit  
sitt um málið.

Í álitsskjali alþingis, dagsettu 3. ágústm. 1861, er stungið  
uppá: „að hospítalshlutirnir á Vestmannaeyjum, bæði af fiski

1863.

og fugli, renni frá 1. degi janúarm. 1865 inní hinn almenna lækna-sjóð, er stiptaður er með konungsúrskurði af 12. ágúst 1848, en að konungsúrskurður af 20. febrúar 1750, viðvíkjandi þessum hlutum, verði úr lögum numinn.

Sem ástæður fyrir þessari uppástungu sinni tilfærði þingið, að Vestmannaeyingar séu nú, að því er ráðstafanir um lækna-hjálp snertir, miklu betur staddir en íbúar annara héraða á Íslandi, er þeir hafa lækni fyrir sig; að það leiði af þessu, að Vestmannaeyjar, að því er lækna-hjálp snertir, kosti hið opinbera, að réttu hlutfalli eptir fólkstölu, miklu meira en nokkur annar hluti Íslands, og hyggur þingið því, að Vestmannaeyingar ekki geti haft neina sanngirniskröfu til sérstaklegrar undanþágu frá að leggja fram spítalahlutina, sem lögboðnir eru á öllu landinu; að þarsem hlutaðeigandi embættismenn telji það sem ástæðu til að spítalahlutir þessir eigi að renna inn í fátækra-sjóð Vestmannaeyja, að yfirsetukonu eyjanna séu borgaðir í laun 30 rdl. á ári úr sjóði þessum, þá virtist þinginu ekki, að sú yfirsetukona ætti að hafa þau réttindi fram yfir allar aðrar yfirsetukonur á Íslandi, sem aðeins fá mjög litla þóknun af opinberu fè, að hún ein fái laun af spítalahlutum, er falla á eyjum þessum, ekki aðeins af skipum eyjarmanna, heldur og af skipum Rangæinga, er þar sækja sjó; að þingið þar að auki verði að álíta, að efnahagur Vestmannaeyinga, sem sveitar eður fátækrafélags, sé í góðu hlutfalli við alla aðra sjávarhreppa á Suðurlandi, með því þeir hafi veiðistöðu eins góða og flestir þeirra, og þartil fuglafang mikið, sem hinir ekki hafa, og eigi enn fremur álitlegt fè í sveitarsjóði.

Þó nú þingið af þeim ástæðum, er nú hafa verið taldar, fyndi ekki tilefni til að víkja frá þeirri skoðun, er það kvað upp á málinu 1857, féllst það samt sem áður á þá uppástungu nokkurra þingmanna, að breyting þessi yrði ekki látin komast á fyrri en að 3 árum liðnum, svo að Vestmannaeyingum á þessu tímabili gæfist tækifæri á að gjöra þær ráðstafanir viðvíkjandi sveitastjórn sinni, er þeim þætti bezt henta og gjörði þeim breytinguna síður tilfinnanlega.

Í skýrslu þeirri, er konungsfulltrúi sendi með álitsskjali al-

þingis, lét hann í ljósi það álit sitt, að því að vísu ekki verði neitað, að uppástunga alþingis eigi að styðjast við formlegan rétt, en að nokkuð öðruvísi sé þó ástatt á Vestmannaeyjum en í öðrum héraðum landsins, og svo hyggur hann að tilfæra mætti ýmsar sanngirnisástæður fyrir því, að fátækra sjóður eyjanna fái að halda spítalahlutunum, t. a. m. að sökum þess hvað eyjarnar eru afskekktar og eyjarbúum því optlega, einkum á vetrum, eru fyrirmunadar allar samgöngur við meginland, eiga þeir ekki annars kost en að sjá fyrir sér sjálfir og geta eigi leitað liðs hjá öðrum; að fiskiveiði og fuglaveiði sé nálega hinir einustu atvinnuvegir eyjarbúa, og sé hinn fyrrtaldi atvinnuvegur mjög stopull og hinn síðari mjög hættulegur, og verði mönnum einatt að fjörtjóni; að eyjarbúar af þessum orsökum séu mjög fátækir, og að sveitarþyngsli hafi mjög vaxið nú á síðari árunum, vegna þess fiskiafli hafi brugðizt; að tekjurnar af spítalahlutunum, sem megi meta 60—70 rdl. virði á ári, sé mikill styrkur til uppeldis þursfamönnnum á eyjunum, og að missir þessa styrks yrði mjög tilfinnanlegur fyrir sveitarsjóðinn, þarsem fé þetta aptur á hinn bóginn að tiltölu munaði lækna-sjóðinn mjög litlu; að það sé sérstaklegt fyrir eyjar þessar, en óumflýjanlegt eptir því, sem þar er ástatt, að af andvirði spítalahlutanna séu borgaðir 30 rdl. á ári í laun handa yfirsetukonu, en staða hennar sé mjög áriðandi vegna hinnar einkennilegu barnaveiki (ginklofa), sem er á eyjunum, verði hún að hafa lært í Kaupmannahöfn og vera kunn að dugnaði; en að á hinn bóginn verði varla við því búizt, að eyjarbúar geti borgað laun yfirsetukonunnar ásamt öðrum gjöldum sínum, en það sé óumflýjanlegt, að laun þessi séu borguð, því ekki megi án yfirsetukonunnar vera, en hún verði ófáanleg nema laun þau, sem hér er um rætt, fylgi stöðu hennar.

Þó nú konungsfulltrúa þannig virtust kröptugar ástæður mæla fram með því, að Vestmannaeyjar fengju að halda spítalahlutunum, vildi hann þó eigi, gagnvart uppástungu alþingis, fullyrða, að ástæður þessar væru yfirgnæfandi.

Dómsmálastjórninni virtist ástæða til, svo sem alþingi hafði stungið upp á, að breyta því fyrirkomulagi, sem konungsbréf

1863.

20. febrúarm. 1750 hefir sett um spítalahlutina á Vestmannaeyjum; var það í því efni tekið fram, að þær hinar sèrstaklegu ákvarðanir, sem lögðu spítalahlutina til sveitarsjóðsins á eyjunum, hafi, eins og alþingi hafi vikið á, verið settar á þeim tíma, þegar eyjar þessar, vegna þess hvað þær eru afskekktar, voru enn ver farnar að því, er læknaþjálp snertir, en önnur hèruð á Íslandi, en þar á móti sè nú hlutfallið orðið gagnstætt eptir að búið sè að stofna lækniembætti þar á eyjunum. Við þetta bætist, að það er mjög ákjósanlegt, að árlegar tekjur hins íslenska læknaþjóðs geti aukizt, og þannig sjóðurinn fengið meiri efni til að ná hinum mikils umvarðandi tilgangi sínum, en hann er sá eptir konungsrúskurði 12. ágústm. 1848, að bæta læknaþjálfunina á Íslandi. En eptir því, sem konungsfulltrúi hefir frá skýrt, mundi það, eins og nú er ástatt, verða ervitt fyrir íbúa Vestmannaeyja að greiða 30 rdl. á ári í laun handa yfirsetukonu, þegar búið væri að svipta sveitarsjóðinn spítalahlutunum, og má þó álíta fjárútlát þessi nauðsynleg, til þess menn geti verið vissir um að fá duglega yfirsetukonu á eyjarnar; þessvegna virtist dómsmálastjórninni vera ástæða til að láta greiða fè þetta úr læknaþjóðnum þangaðtil gjörð yrði önnur ákvörðun um það efni. — Að endingu skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki virtist vera neitt því til fyrirstöðu, að breyting þessi kæmist á á þeim tíma, sem alþingi hafði stungið upp á.

20. aprilm. 27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir hinum sjúku.

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, 5. nóv. f. á., hefir dómsmálastjórnin, eptir að hún var búin að skrifast á um það efni við fjárstjórnina, veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan lækniembættið þar er óveitt, 10 ríkis-